

REGLUGERÐ

um lágmarksmöskvastærðir loðnunóta.

1. gr.

Lámarksstærð möskva í loðnunótum, sem heimilt er að nota til loðnuveiða skal vera:

1. Séu möskvar loðnunótarinnar ferhyrindir er lágmarksmöskvastærðir 21.0 mm. Í poka nótarinnar, sem miðast við 50 metra á korkateini, er heimilt að nota riðil með lágmarksmöskvastærðinni 19,6 mm.

Þrátt fyrir ofangreint ákvæði er heimilt að nota til loðnuveiða loðnunætur með lágmarksmöskvastærðinni 19.6 mm, enda hafi þær verið teknar í notkun fyrir 1. júlí 1981.

2. Séu möskvar loðnunótarinnar sexhyrindir er lágmarksmöskvastærðinni 16.0 mm.

2. gr.

Þegar möskvi er mældur, skal hann teygður horna á milli eftir lengd netsins. Skal þá flöt mælistika, jafnbreið leyfilegri lágmarksmöskvastærð og 2 mm þykk, komast auðveldlega í gegnum möskvann. Netið skal mælt vott.

3. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brott viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og ákvæðum laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 303 19. júní 1981, um lágmarksmöskvastærðir loðnunóta.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. febrúar 1985.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 6 30. janúar 1970 um bifreiðamál ríkisins.

1. gr.

1. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimilt er að veita starfsmönnum utanríkisþjónustunnar undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af bifreið er þeir flytja heim eftir eigi skemmra en þriggja ára samfellt starf erlendis. Gildir þetta þó ekki nema einu sinni á sjö ára fresti. Undanþágan verður því aðeins veitt að utanríkisráðuneytið mæli með henni hverju sinni. Ambassadorar sem flytja heim njóta framangreindra hlunninda án tímatakmarkana. Sama skal gilda um starfsmenn á Norðurlandaskrifstofum Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og starfsmenn forsætisnefndar Norðurlandaráðs, sem þar hafa starfað samfellt í minnst tvö ár, enda liggi fyrir ákvörðun fjármálaráðuneytisins þar að lútandi hverju sinni.

2. gr.

Reglugerð þess er sett samkvæmt lögum nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 15. febrúar 1985.

Albert Guðmundsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um (þriðju) breytingu auglýsingar um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 50/1983

Samkvæmt heimild í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða nr. 30/1983 skal afgreiðslutími eftirtalinn lyfjabúða vera sem hér segir:

Apótek Garðabæjar	Kl.
Mánudaga — föstudaga	09—19
Laugardaga	11—14
Hafnarfjarðar Apótek og Apótek Norðurbæjar	
Mánudaga — föstudaga	09—19
Laugardaga	10—14

Auk framangreinds almenns afgreiðslutíma skulu Hafnarfjarðar Apótek og Apótek Norðurbæjar vera opnar til skiptis eina viku í senn um helgar og á almennum frídögum sem hér segir:

Sunnudaga, helgidaga og almenna frídaga 11—15.

Vaktþjónusta samkvæmt þessu hefst á laugardögum og skulu lyfjabúðirnar tvær sjá læknum fyrir lyfjum í vaktösku, skv. nánara samkomulagi við héraðslækni Reykjanes-héraðs.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 8. gr. fyrrnefndrar reglugerðar. Auglýsing þessi öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. febrúar 1985.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Ingólf J. Petersen.